

Menntun fyrir alla?

Ertu með gott minni? Nú reynir á það!

Málefni	Menntun, hnattvæðing, borgaravitund
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	6–30
Tími	90 mínútur
Yfirlit	Í þessu verkefni þurfa þátttakendur að staðsetja og finna samstæður spjalda um leið og þeir velta fyrir sér mismunun hvað varðar framboð á „menntun í heiminum og hvernig hægt er að koma á „menntun fyrir alla“.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til menntunar. • Rétturinn til að þroska persónuleika sinn til fulls. • Rétturinn til jöfnuðar, óháð kynferði og félagslegri stöðu.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að fjalla um menntun sem mannréttindamál. • Að skoða vandlega hvernig aðgengi að góðri menntun er háttáð í heiminum. • Að hvetja til samstöðu um markmiðið „menntun fyrir alla“.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Eitt sett af leikspjöldum á hverja þrjá eða fjóra þátttakendur. • Tvö stíf pappírblöð eða þunnt karton (A4) á hverja þrjá eða fjóra þátttakendur og lím (ekki nauðsynlegt en æskilegt). • Skæri. • Pappír og pennar til að skrá athugasemdir í 2. hluta.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Kynntu þér spjöldin vel. • Ljósritaðu síðurnar með leikspjöldunum og límdu þær eða festu á stífa pappírinn svo að spjöldin endist betur. Klipptu út spjöldin 40. Stokkaðu þau vel svo að samstæður lendi örugglega ekki saman.

Leiðbeiningar

Verkefnið er í tveimur hlutum: 1. hluti er minnisleikur og 2. hluti felst í greinargerð um málefnið.

1. hluti, minnisleikurinn (10 mínútur)

1. Útskýrðu fyrir þátttakendum að spjaldasamstæðurnar séu tuttugu, hver samstæða er spjald með staðhæfingu og annað með mynd. Þrautin er að finna samstæðurnar og koma þeim saman.
2. Textarnir á spjöldunum tengjast ýmist markmiðum World Education Forum (WEF), um að koma á „menntun fyrir alla“, eða snerta almenn mannréttinda- og menntamál.
3. Útskýrðu leikinn. Þátttakendur eiga að skipta sér í þriggja til fjögurra manna hópa. Þeir eiga að dreifa spjöldunum á hvolfi á gólfið. Þeir snúa við tveimur spjöldum, hver á eftir öðrum. Ef annað eða bæði spjöldin eru með staðhæfingu les þátttakandinn textann upphátt fyrir hina í hópnunum. Ef spjöldin mynda samstæðu geymir þátttakandinn þau og má gera aftur. Ef spjöldin eiga ekki saman leggur hann þau

MÁLEFNI



MENNTUN



HNATTVÆÐING



BORGARAVITUND

ÞYNGDARSTIG



STIG 2

HÓPSTÆRD



6–30

TÍMI



90 MÍNÚTUR

aftur á hvolf á gólfið á nákvæmlega sama stað og áður. Næsti þátttakandi fær svo að snúa við tveimur spöldum. Þetta er minnisleikur því að þátttakendur verða að muna hvar spöldin liggja til að geta náð samstæðum.

4. Sigurvegarinn er sá sem er með flestar samstæður í lok leiksins.

2. hluti Greinargerð (60 mínútur)

1. Skrifðu yfirlit yfir málefnin á flettistöflu. Láttu þátttakendur lesa fyrirsagnirnar á spöldunum (ekki alla staðhæfinguna aftur) og skrifaðu þær á flettistöfluna.
2. Láttu þátttakendur tilgreina fjögur til sex mál sem þeim finnst áhugaverðust.
3. Skiptu hópnum í smærri hópa með fjórum til fimm í hverjum. Segðu hverjum hópi að velja þau tvö mál sem hann vill helst ræða. (Reyndu að koma þessu þannig fyrir að tveir ólíkir hópar ræði sama mál til að fá fram fleiri hugmyndir. Þetta þýðir að hóparnir þurfa að koma sér saman um hvaða mál verði rædd.)
4. Þegar því er lokið skaltu gefa hópnum 20 mínútur til að ræða þau tvö mál sem þeir völdu. Áherslan í umræðunum getur orðið örlítið breytileg eftir spjaldinu. Ef spjaldið er með spurningu þarf að svara henni. Ef staðhæfing er á spjaldinu þurfa þátttakendur að setja fram gagnrýna athugasemd.
5. Þegar 20 mínúturnar eru liðnar skaltu kalla þátttakendur saman til að gera grein fyrir niðurstöðum. Taktu málin fyrir eitt af öðru. Gefðu hverjum hópi aðeins fimm mínútur til andsvara og leyfðu ekki meira en fimm mínútur fyrir spurningar utan úr sal.
6. Þegar allir hóparnir hafa skilað greinargerð um öll málin skaltu fara í samantektina.

Samantekt og mat

Fjallað hefur verið vandlega um málin nú þegar svo að óhætt er að halda áfram og meta leikinn sjálfan og hvað þátttakendur lærðu af honum.

- Fannst þátttakendum minnisleikurinn skemmtilegur?
- Var þetta góð leið til að hefja umræður um mál sem snerta menntun?
- Hvernig gengu umræðurnar í hópnum? Fannst öllum þeir geta tekið þátt í þeim?
- eru úrlausnarefnin of mörg? Er hægt að koma á „menntun fyrir alla“?
- Hvað getur þú, hópurinn þinn eða samfélagið gert til að stuðla að því að markmiðinu um menntun fyrir alla verði náð í landi þínu og/eða þróunarlöndunum?

Ábendingar til leiðbeinanda

Þessi aðferð er notuð til að skemmtilegra verði að afla þeirra upplýsinga sem umræðurnar eiga að byggjast á.

Undirbúningurinn fyrir þetta verkefni er fremur einfaldur. Leiðbeinandinn þarf aðeins að gæta þess að hafa lesið öll spöldin áður en hann byrjar á verkefninu. Þá þarf hann að vera viss um að vita hvaða spöld eiga saman svo að hann geti aðstoðað þátttakendur og fullvissað þá um að samstæður séu réttar. Þegar leikurinn er útskýrður er hægt að sýna eina samstæðu sem dæmi.

Á sumum spjaldanna gætu verið skammstafanir eða erlend heiti stofnana, t.d. WEF (World Education Forum). Þegar leikurinn er kynntur þarf að útskýra slík heiti eða skammstafanir (sjá „Nánari upplýsingar“ hér á eftir).

Athugaðu að á þriðjungi spjaldanna eru staðhæfingar sem eru runnar frá markmiðum um „menntun fyrir alla“ eins og þau voru sett fram af World Education Forum (WEF), Dakar,

Senegal í apríl 2000. Hin spjöldin eru um mannréttinda- og menntamál eða önnur mál sem eru aðkallandi þegar hugað er að menntun fyrir alla.

Tilbrigði

Ef ekki er nægur tími til að gera 2. hluta mætti nota aðferðina sem er lýst í verkefninu „Augnablik!“ á bls. 84 í staðinn. Þá er hver þátttakandi beðinn að velja eitt af málefnum á spjöldunum sem hann tók upp og tala um það í eina mínútu án þess að hika eða endurtaka sig. Þetta er líka góður kostur ef leiðbeinanda finnst að hópurinn þurfi að bæta sig í munnlegri tjáningu.

Tillögur um framhald

Mörg þau málefni sem ber á góma í minnisleiknum er hægt að fjalla um í öðrum verkefnum. Ef til dæmis ætti að skoða spurningar um fjárveitingar til menntamála og annarra félagslegra þarfa og fé sem varið er til hernaðar mætti taka fyrir verkefnið „Ráðstöfun fjármuna“ á bls. 197. Vandamál sem tengjast barnavinnu og skorti á aðgangi að menntun má íhuga í verkefninu „Saga Ashiques“ á bls. 209.

Hugmyndir um aðgerðir

Á minnisþjöldunum eru mörg vandamál sem tefja framgang átaksins „Menntun fyrir alla“. Hópurinn gæti valið sér eitthvert þessara vandamála, skoðað það og leitað leiða til lausna og gert síðan eitthvað í málinu. Sjá 3. kafla um aðgerðir; þar eru leiðbeiningar um aðferðir.

Hvað um að skrifa bréf til þingmanna og spyrjast fyrir um hvað ríkið sé að gera til að ná þeim markmiðum sem voru sett á World Education Forum?

Nánari upplýsingar

Rétturinn til menntunar er meðal viðurkenndra félagslegra og efnahagslegra réttinda. En þó að ríki hafi yfirleitt samþykkt og skuldbundið sig til að bjóða ókeypis grunnmenntun fyrir alla er raunin sú að ókeypis menntun er ekki fyrir alla heldur býðst hún minnihluta jarðarbúa.

Til að takast á við þetta vandamál var efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu í Senegal árið 2000 sem var kölluð World Education Forum (WEF). Markmið ráðstefnunnar var að skoða hvað hefði áunnist á tíunda áratugnum á sviði grunnmenntunar og endurvekja fyririrheitum um „menntun fyrir alla“. Um 1100 þátttakendur frá 164 löndum samþykktu Dakar-yfirlýsinguna og skuldbundu sig til að hafa komið á góðri grunnmenntun fyrir alla árið 2015. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) var falið að stilla saman aðgerðir alþjóðlegra stofnana og halda málinu vakandi.

Þarna var viðurkennt að vandinn sem þarf að leysa er mjög mismunandi eftir löndum. Til dæmis vantar sum löndin mannafla og úrræði en í öðrum skortir pólitískan vilja. Einn árangur ráðstefnunnar var sá að viðurkennt var að til að ná og viðhalda takmarkinu um menntun fyrir alla þurfi að koma á víðtækri samfylkingu innan landanna sem nýtur stuðnings innlendra jafnt sem alþjóðlegra stofnana.

Á ráðstefnunni var lögð áhersla á mikilvægi menntunar fyrir sjálfbæra þróun, frið, virka þátttöku í þjóðfélaginu og heilbrigð hagkerfi 21. aldar. Á ráðstefnunni náðist sá lofsverði árangur að sérstök markmið með ákveðnum tímamörkum voru sett og lögð var fram lýsing á þeim aðgerðum sem grípa þarf til á öllum sviðum til að hægt sé að koma á menntun fyrir alla. Hvort þessum markmiðum verður náð er spurning sem aðeins verður hægt að svara ef allir í samfélaginu leggjast á eitt um að berjast fyrir menntun fyrir alla.

Heimild: UNESCO Education for All: World Education Forum Final Report, 2000.



Peningar og menntun

Helsta ógnin við menntun fyrir alla er skortur á fjármagni. Án fjárhagslegra úrræða geta stjórnvöld ekki staðið við skuldbindingar sínar um menntun fyrir alla. Þetta er líka spurning um gæði. Illa launaðir kennarar og skortur á náms efni kemur niður á gæðum menntunar. Án peninga er vonlaust um menntun; engir peningar, engin menntun! Ertu sammála?



Hnattvæðing og menntun

Þeir sem halda að hnattvæðingin og hin nýja tækni sem henni fylgir sé menntun eingöngu til framdráttar hafa rangt fyrir sér! Áhrifin af skyndilegu viðskiptafrelsi og þörfin á kerfisbreytingum, sem eru fylgífiskar hnattvæðingarinnar, hafa ógnað tekjustofnum stjórnvalda í mörgum löndum, einkum þróunarlöndunum. Undir þessum kringumstæðum verður oft erfitt um vik að fjármagna menntun.



Matur og menntun

Í þróunarlöndunum er það viðtekin skoðun að matur og menntun verði að fara saman; svangur nemandi geti ekki einbeitt sér almennilega. Matur er oft notaður til að fá foreldra til að senda börn sín í skóla; ef börnin fengju ekki mat í skólunum myndu þeir senda þau út að vinna í staðinn.



Menntun og Netíð

Í mörgum löndum er upplýsingatæknin orðin veigamikill þáttur í námi og menntun. Netíð er talið nauðsynlegt við heimildaöflun og heimanám. Margir fallast á það að Netíð hafi opnað „leiðir“ til menntunar en það hefur líka lokað leiðum. Bilið milli þróuðum landanna og þróunarlandanna hefur breikkað. Í mörgum löndum vantar ekki aðeins einkatölvur, þar er ekki einu sinni rafmagn.




Menntun og áfengi

Í mörgum skólum er misnotkun áfengis alvarlegt vandamál. Það tefur nemendur í námi og eykur ofbeldi. Flestir skólar hafa þá reglu að ekki megi koma með áfengi á skólalóðina en þetta virðist ekki duga. Hvað væri hægt að gera til að leysa þetta vandamál?



Háskólanám

Samkvæmt ákvæðum laga um mannréttindi eru ríki eingöngu skyldug til að sjá þegnumum fyrir ókeypis grunnmenntun. Skuldbindingar þeirra taka ekki til æðri menntunar. Ætti skylda ríkisins að ná til háskólastigsins? Og ef svo er, er það þá raunhæf krafa?



Kennarar og menntun

Stundum er það vandamál að kennarar eru ekki nógu góðir; þeir hafa ef til vill ekki næga reynslu eða þjálfun. Rætt er um að gera þurfi ákveðnar lágmarkskröfur til kennara, svo sem um kennarapróf grunnskólakennara og doktorspróf háskólakennara. Eru þetta raunhæfar kröfur eða mundi þetta aðeins auka á vandanann vegna kennaraskortsins?



Menntun og umhverfið

Lífsvenjúr flestra íbúa Evrópu eru ósjálfbærar. Ef fólk á að geta tekið upplýstar ákvarðanir um breytingar á lífsháttum sínum verður það að skilja vistfræðileg lögmál, efnahagsmál, stjórnmál og sögu. Það þarf að hafa þekkingu á margs konar menningu og sýna ábyrgð og umhyggju. Hvernig myndir þú flétta fræðslu um sjálfbærni inn í námskrána?



Ókeypis menntun

Það er skylda stjórnvalda að tryggja öllum ókeypis grunnmenntun. Í mörgum löndum er ástandið þannig að ef fjölskyldur hafa ekki peninga til að borga skólagjöld og/eða námsgögn geta börnin ekki gengið í skóla.



Agi og menntun

Mismunandi aðferðir eru notaðar eftir löndum til að tryggja aga og reglu. Meðal aðferða er að beita nemendur líkamlegum refsingum, láta þá vinna meira, vísa þeim úr skóla eða láta þá sitja í skólaráði. Hver heldur þú að sé besta aðferðin til að tryggja aga í skólastarfi?

**Konur og menntun**

Í þróunarlöndunum ganga 78% stúlkna í skóla en næstum 86% drengja. Um 60% barna sem ganga ekki í skóla eru stúlkur. Eitt af markmiðum World Education Forum (WEF) var að búið yrði að útrýma kynjamerktum í grunnmenntun og framhaldsmenntun árið 2005 og að kynjajafnrétti í menntun yrði náð árið 2015.

**Fríður og menntun**

„Fríðurinn hefst heima.“ Oft er litið á menntastofnanir sem annað heimili nemenda. Menntun í þágu fríðar ætti þá að tilheyra formlegri skólanámskrá auk þess að vera á dagskrá í fræðslustarfi utan hins hefðbundna skólakerfis. Hvernig myndir þú flétta menntun í þágu fríðar inn í námskrána?

**Menntun og jafnrétti**


Skráning barna í forskóla getur verið allt að 100% í löndum eins og Bermúda, Malasíu, Belgíu og Svíþjóð og náð svo niður í 2% eða minna í löndum sem búa við stríðsástand og bágan efnahag.

**Íþróttir og menntun**


A) Íþróttir þurfa ekki að vera skyldugrein allt skólatímabilið. Ef tíma vantar fyrir aðrar námsgreinar ættu þær að ganga fyrir. B) Íþróttir eiga að vera á stundaskránni allt skólatímabilið. Í íþróttum lærist ýmislegt sem ekki er hægt að læra í öðrum námsgreinum, svo sem samvinna og samhæfing líkama og sálar. Hvorri fullyrðingunni ert þú sammála?

**Menntun og hervæðing**

Þó að litið sé á menntun og hernað sem tvö óskyld fyrirbæri eru þau í rauninni nátengd. Í mörgum mjög hervæddum löndum er stórum hluta fjárlaga varið til hernaðarútgjalda og þá verður ekki nægilegt fé eftir til félagsmála, einkum menntunar.

**Félagsleg útilokun og menntun**

Hið opinbera menntakerfi nær ekki til allra. Ríkisskólakerfið annast ekki götubörn, fátæk börn og börn sem vinna allan daginn. Í Rúmeníu hjálpa samtökin „Aftur í skólann“ börnum sem eru útilokuð frá opinbera menntakerfinu – gefa þeim tækifæri til menntunar og þær með betri atvinnuönguleika síðar á ævinni.

**Menntun og minnihlutahópar**


Minnihlutahópar í skólum eru algengt vandamál í fjölmennigum þjóðfélögum. Auk vandans sem felst í mismunum gagnvart einstaklingnum skapa mismunandi trúarbrögð og tungumál einnig vandamál í kerfinu. Hvernig myndir þú laga kerfið og námskrána að þörfum minnihlutahópa?

**Ævilangt nám**

Ólæsi fullorðinna er mikið vandamál í löndum sem sjá íbúunum ekki einu sinni fyrir grunnmenntun. Eitt markmiði WEF er að læsi meðal fullorðinna skuli hafa aukist um 50% árið 2015. Mörg Evrópulönd hafa lofað „ævilöngu námi“. En samt gefa þau ekki kost á viðunandi viðbótarmenntun fyrir fullorðna. Hver finnst þér að ættu að vera forgangsmál stjórnvalda í menntamálum?

**Mannréttindafræðsla**

Litið er svo á að mannréttindafræðsla í opinbera skólakerfinu eða utan þess sé á ábyrgð stjórnvalda. Hvers vegna eiga þá frjáls félagsamtök að sinna starfi sem stjórnvöldum ber að annast og er á ábyrgð þeirra?

**Alnæmi og menntun**

„Fyrsta orrustan sem þarf að vinna í stríðinu gegn alnæmi er orrustan þar sem mýrar þagnar og smánar sem umlykja það verða brotnir niður“ (Kofi Annan). Það verður að rjúfa þögnina til að binda enda á mismunum og hindra frekari útbreiðslu. Alnæmisvandinn ætti að vera í fyrirrúmi í fræðsluáætlunum þjóðanna. Hvað geta menntastofnanir gert til að berjast gegn alnæmi?